

Mánudaginn 31. ágústmán.

Nr. 7/1885.

Síra Stefán Arnason  
 gegn  
 Þorsteini hreppstjóra Thorlacíus.

## D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af fyrrum prestí að Hálsi, síra Stefáni Arnasyni, gegn Þorsteini Thorlacíus á Yxnafellí sem hreppstjóra og hreppsnefndaroddvítá í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, útaf því, að hinn síðar nefndi hafði tekið lögtaki hjá hinum fyrr nefnda sveitarútsvar, er jafnað hafði verið á hann til Saurbæjarhrepps fyrir fardagaárið 1883—84, að upphæð 112 krónur, en með aukapingsdómi Eyjafjarðarsýslu 17. okt. f. á. er hinn stefndi sýknaður af kærum sækjandans og sækjandinn dæmdur til að greiða allan málskostnað, þarmeð talið 10 kr. í málsfærslulaun til hins stefnda sem skipaðs talsmanns hreppsnefndarinnar í Saurbæjarhreppi, er hafði fengið gjafsókn í hjerði. Þessum dómi hefur síra Stefán Arnason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. marz þ. á., og hefur hann krafizt þar, að sjer verði dæmdar fullar skaðabætur fyrir áður umgetna lögtaksgjörð, þannig, að hinn stefndi skili aptur hinum lögteknunum og borgi fyrir vansa og lánstraustspjöll 50 kr., og ennfremur hæfilegan málskostnað fyrir báðum dómum. Hinn stefndi, Þorsteinn hreppstjóri Thorlacíus, sem einnig hefur fengið gjafsókn fyrir yfirdómi, hefur aptur á móti krafizt að verða dæmdur sýkn af kærum áfrýjandans, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eins

og þó málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af sinni hendi.

Aðalágreiningurinn í þessu máli er um það, hvort hreppsnefndin í Saurbæjarhreppi hafi rjettilega jafnað sveitarútsvari til hreppsins á áfrýjandann fyrir fardagaárið 1883—84, sem þá aptur er komið undir því, hvort áfrýjandinn hafi átt lögheimili í Saurbæjarhreppi tjeð fardagaár. Áfrýjandinn hefur játað, að hann hafi dvalið mestan hluta fardagaársins 1883—84 í Stóra-Dal í Saurbæjarhreppi hjá Árna syni sínum og þjónað Saurbæjarprestakalli fyrst um haustið 1883 í sjúkdómsforföllum sóknarprestisins þar, og síðan, eptir lát hans, 25. okt. s. á., fardagaárið út; enn fremur hefur hinn stefndi borið fram, og áfrýjandinn ekki neitað því, að um vorið 1883, þegar áfrýjandinn brá búi og flutti sig frá Hálsi í Fnjóskadal, þá hafi hann farið beint að Stóra-Dal í Saurbæjarhreppi og flutt þangað hið helzta af munum þeim, sem hann ætlaði sjer að eiga til frambúðar, svo sem fatnað sinn, rúm og bækur, og eitthvað af hirzlum o. fl., og síðan hafi hann dvalið fardagaárið út í Stóradal, nema hvað hann hafi brugðið sjer um sumarið einhleypur 3 vikna tíma að Fagraskógi í Arnarneshreppi til dóttur sinnar og aptur um veturinn verið þar viðlíka lengi. Hinsvegar hefur áfrýjandinn haldið því fram, að hann hafi átt lögheimili í Fagraskógi í Arnarneshreppi umgetið fardagaár, og að hann hafi greitt þar sveitarútsvar fyrir það ár, en að dvöl sín í Stóradal hafi orsakast sumpart af nauðsynlegum erindagjörðum og sumpart af því, að hann fyrir beiðni hlutadeigandi prófasts ljet til leið-



ast að þjóna Saurbæjarprestakalli meðan það var prestslaust.

Eptir því sem að framan er sagt er það in confesso milli málspartanna, að áfrýjandinn hafi dvalið í Stóradal í Saurbæjarhreppi allt fardagaárið 1883—84 að undanteknum hjerumbil 6 vikna tíma, og að hann hafi haft þar muni þá, er hann ætlaði að eiga til frambúðar og þarfnæðist daglega. Þegar af þessari ástæðu ber að líta svo á, sem hann hafi átt lögheimili í Stóradal um getið ár, án þess að það geti komið til greina, þó hann hafi viljað álíta Fagraskóg í Arnarneshreppi sem lögheimili sitt, því vilji áfrýjandans einsamall gat ekki skapað honum lögheimili, þegar sá vilji ekki kom í ljós á áþreifanlegan hátt. Þaraðauki sýnir það atvik, að áfrýjandinn sjálfviljuglega tók að sjer prestsþjónustu í Saurbæjarprestakalli, ljóslega þann vilja hans, að eiga ekki heimili í Arnarneshreppi, því það gat ekki samrýmzt, að eiga heimili í Arnarneshreppi og þjóna Saurbæjarprestakalli; þó það frá upphafi hefði verið áform áfrýjandans, að eiga heimili í Fagraskógi, þá hefði það áform hans breyzt undireins og hann tók að sjer prestsþjónustuna í Saurbæjarprestakalli. Með því að Stóradalur í Saurbæjarhreppi eptir áður sögðu verður að álitast lögheimili áfrýjandans fardagaárið 1883—84, er það í samhljóðan við lög 9. janúar, 1880 l. gr., að hreppsnefndin í tjeðum hreppi jafnaði á hann útsvari til sveitar fyrir áminnt fardagaár, og gat það alls ekki skert rjett Saurbæjarhrepps í þessu efni, þó áfrýjandinn greiddi fyrir sama fardagaár útsvar til annarar sveitar, þar sem hann ekki átti lögheimili.

Yfirdómurinn er þannig á sama máli og hjeraðs-dómarinn um það, að hinn stefndi eigi að sýknast af kærum áfrýjandans í þessu máli, og ber því að staðfesta hjeraðsdóminn bæði að þessu leyti og að því er snertir málskostnað í hjeraði, og ber áfrýjandanum þá einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál, þar með talin málflytningu-laun til hins skipaða talsmanns hins stefnda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 15 krónur.

Að því leyti sem málið hefur verið gjafsóknarmál hefur það verið rekið og varið forsvaranlega.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrjettarins á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, síra Stefán Árnason, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hins stefnda, málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. septbrmán.

Nr. 12/1885.

Ari Jónsson

gegn

Jóni Jónssyni.

Dómur:

Það bæðir málspartar, bæði áfrýjandinn, Ari Jóns-